

Félagsþjónusta Borgarbyggðar

Ársskýrsla fyrir árið 2018

Helstu kostnaðartölur 2018

FJÁRHAGSAÐSTOÐ	3.938.465
SÉRSTAKAR HÚSALEIGUBÆTUR	9.631.695
ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN OG UNGLINGA	3.132.694
HEIMAPJÓNUSTA ALDRAÐRA	32.663.232
HEIMSENDUR MATUR	4.010.994
FÉLAGSSTARF ALDRAÐRA	10.248.039
LIÐVEISLA	13.884.626
FREKARI LIÐVEISLA	36.000.773
HEIMAPJÓNUSTA FATLAÐRA	8.508.624
FERÐAPJÓNUSTA FATLAÐRA	15.718.760

Fötlunarmál

BÚSETA	88.941.661
SKAMMTÍMAVISTUN/VISTUN	26.719.159
ALDAN-dósamóttaka	11.525.665
ALDAN-vinnustofa	22.463.650
STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR	3.684.376

Upplýsingar úr bókhaldskerfi 10. maí 2019

Þjónustusvæði er Borgarbyggð, Skorradalur og Dalabyggð.

Félagsþjónusta: Borgarbyggð og Skorradalshreppur talin saman. Dalabyggð talin sér.

Barnavernd: Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð.

Þjónusta við fatlaða: Borgarbyggð, Skorradalshreppur og Dalabyggð.

Ekki var tekin saman ársskýrsla fyrir árið 2017 fyrir félagsþjónustu og þjónustu í fötlunarmálum, því er árið 2016 viðmiðunarár í þeirri þjónustu en 2017 er viðmiðunarár í barnaverndarmálum.

Nefndir

Velferðarnefnd

Félagsþjónusta Borgarbyggðar og Skorradals heyrir undir Velferðarnefnd Borgarbyggðar.

Auk þess að bera ábyrgð á velferðar- og forvarnarmálum gegnir nefndin einnig hlutverki húsnæðisnefndar og jafnréttisnefndar sveitarfélagsins.

Viðmiðið er að nefndin haldi fund einu sinni í mánuði og hélt nefndin 10 fundi á árinu.

Nefndin fjallaði m.a. um: fötlunarmál, þ.e. stöðu fatlaðra og ýmsa þjónustu við fólk með fötlun, s.s. aðgengismál, búsetuþjónustu, hæfingu-og atvinnumál fatlaðra, og samráðsfundi með þjónustuþegum (10 sinnum á árinu); þjónustu við aldraða (sjö sinnum á árinu); forvarnir (einu sinni á árinu); stuðning í húsnæðismálum (þrisvar á árinu) endurskoðun á öðrum reglum sveitarfélagsins, gjaldskrár félagsþjónustu og afslátt af fasteignagjöldum. Nefndin afgreiðir einnig erindi frá einstaklingum sem starfsmenn hafa ekki heimild til að afgreiða, s.s. varðandi fjárhagsaðstoð, samtals 26 erindi á árinu.

Stefna í málefnum aldraðra var gerð á árinu, erindisbréf fyrir Öldungaráð, skilgreining á Búsetuþjónustu og unnin var gæðaúttekt í Búsetuþjónustu fatlaðra með styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Félagsþjónusta Dalabyggðar heyrir undir félagsmálanefnd Dalabyggðar. Nefndin er skipuð þremur fulltrúum Dalabyggðar. Nefndin hélt tvo fundi á árinu. Starfsmenn félagsþjónustu hafa fastákveðna viðveru í Dalabyggð tvo daga í mánuði en sinna erindum íbúa Dalabyggðar einnig á skrifstofu Borgarbyggðar auk þess sem farið er auka ferðir í Dalabyggð ef nauðsyn er til.

Barnaverndarnefnd

Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala er sameiginleg barnaverndarnefnd fyrir Borgarbyggð ásamt Skorradalshreppi, Dalabyggð og Hvalfjarðarsveit; Nefndin er 5 manna, skipuð þrem fulltrúum úr Velferðarnefnd Borgarbyggðar, einum úr Félagsmálanefnd Dalabyggðar og einum úr Félagsmálanefnd Hvalfjarðarsveitar.

Nefndin hélt 3 fundi á árinu.

Félagsþjónustan

Samkvæmt samningi þjónustar Borgarbyggð Skorradalshrepp í félagsþjónustu og barnavernd eins og um íbúa Borgarbyggðar sé að ræða, þ.e. þjónustan heyrir undir nefndir Borgarbyggðar og lýtur reglum Borgarbyggðar.

Borgarbyggð annast einnig félagsþjónustu og barnavernd fyrir Dalabyggð skv. samningi, en þjónustan heyrir undir Félagsmálanefnd Dalabyggðar (og eftir atvikum Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala) og er veitt skv. þeirra reglum og ákvörðunum.

Þjónusta við íbúa í Skorradal er með í samantektinni um félagsþjónustu og barnavernd Borgarbyggðar hér á eftir en þjónusta við Dalabyggð aðeins varðandi fjölda mála.

Þá annast félagsþjónustan þá þjónustu við fatlaða, sem áður var hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra, fyrir íbúa Borgarbyggðar, Skorradals og Dalabyggðar. Gerð er grein fyrir þeirri þjónustu fyrir allt svæðið í sérstökum kafla aftast.

Verkefni félagsþjónustu Borgarbyggðar eru:

- Félagþjónusta og barnavernd
- Önnur verkefni
- Þjónusta við fólk með fötlun (áður hjá ríkinu)
- Barnavernd

Félagsþjónusta og barnavernd:

Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimaþjónusta, þjónusta við aldraða, félagsstarf aldraðra og öryrkja, ferðaþjónusta, málefni barna og ungmenna, móttaka barnaverndartilkynninga, greining og vinna barnaverndarmála, þjónusta við fatlaða (félagsleg liðveisla o.fl.)

Önnur verkefni:

Félagslegt leiguhúsnaði, sérstakar húsaleigubætur, jafnréttismál, forvarnir, seta í fjölskylduteymi Borgarbyggðar, öldungaráðum, samstarf við lögreglu í heimilisofbeldismálum o.fl.

Þjónusta við fólk með fötlun:

Ráðgjöf, búsetuþjónusta, frekari liðveisla, stuðningsfjölskyldur, Aldan dósamóttaka/vinnustofa, þjónustuteymi vegna einstaklinga bæði barna og fullorðinna, umönnunarbætur, örorkuvinnusamningar, seta í þjónusturáði Vesturlands um málefni fatlaðra o.fl.

Starfsmenn 2018

Starfsmenn á skrifstofu félagsþjónustu Borgarbyggðar eru félagsmálastjóri í 100% starfi, félagsráðgjafi í 100% starfi, ráðgjafi í 100% starfi, og 50% staða þroskajálfa. Veikindi voru á árinu þannig að staða þroskajálfa var ekki mönnuð nema lítinn hluta ársins. Sálfræðiþjónusta er unnin í verktöku yfir veturinn tvo til þrjá daga í viku. Starfsmaður á skrifstofusviði annast umsýslu sérstakra húsaleigubóta.

Í búsetuþjónustu er forstöðumaður í 100% starfi og auk þess 15 starfsmenn í 10,14 stöðugildum.

Starfsmaður í 100% starfi annast verkstjórn í félagslegri heimaþjónustu, sér að mestu um félagsstarf aldraðra og öryrkja þ.m.t. mötuneyti alla virka daga og vakt í þjónustuíbúðum aldraðra á Borgarbraut 65a og við Ánahlíð. Við heimilishjálp störfuðu í árslok 12 einstaklingar í samtals rúmlega 5 stöðugildum.

Við félagsstarf aldraðra er einnig leiðbeinandi í handveki í tímavinnu og starfsmaður sem annast þrif.

Í ferðaþjónustu er starfsmaður í 100% starfi, en sinnir einnig hússtöðslu á Borgarbraut 65a (Borgarbyggð selur húsfélaginu þá þjónustu).

Þjónusta við börn og liðveislu við fatlaða er að mestu sinnt í tímavinnu eða verktöku.

Í Öldunni er forstöðumaður í 50% starfi (árið 2018) og auk þess 4 leiðbeinendur í 3 stöðugildum.

Fjöldi mála árið 2018

Félagsþjónusta Borgarbyggð	169 mál
Barnavernd Borgarbyggð og Dalir	81 mál-(66 árið 2017)
Félagsþjónusta Dalabyggð	16 mál

Samtals 266 mál

Heildarfjöldi tilkynninga til bv.nefnd 119- (92 árið 2017)

Fötlunarmál:

fullorðnir Borgarbyggð	26 mál
börn Borgarbyggð	25 mál
fullorðnir Dalabyggð	4 mál
börn Dalabyggð	3 mál

Samtals 58 mál.

Heildartala 324 mál

Hér á eftir verður fjallað nánar um verkefni félagsþjónustunnar, fyrst félagsþjónustu, síðan barnaverndina, þá önnur verkefni og í lokin gerð grein fyrir þjónustunni í fötlunarmálum.

I Félagþjónusta og barnavernd

Félagþjónusta

Fjöldi mála

Á árinu voru til meðferðar hjá félagsþjónustunni 169 mál einstaklinga eða fjölskyldna og eru þá ekki talin með einfaldari erindi eða afgreiðslur ýmiskonar s.s: einföld ráðgjöf eða upplýsingar, erindi vegna húsnæðis, mat á þörf og frágangur vegna heimilishjálpar, erindi v. ferðaðþjónustu o.m.fl. Hver fjölskylda er aðeins talinn einu sinni þó oft hafi verið komið að málefnum fjölskyldunnar mörgum sinnum og á margan hátt og jafnvel allir starfsmenn félagsþjónustunnar komið að málinu.

Fjárhagsaðstoð

Starfsmenn hafa heimild til að afgreiða fjárhagsaðstoð til framfærslu, styrk vegna sálfræðikostnaðar og aðstoð til tannviðgerða og gleraugnakaupa, ef tekjur umsækjanda eru undir viðmiðunarmörkum skv. reglum Borgarbyggðar um fjárhagsaðstoð, en gera þarf velferðarnefnd grein fyrir afgreiðslum. Velferðarnefnd tekur umsóknir til afgreiðslu sé svörum starfsmanna áfrýjað og umsóknir sem starfsmenn hafa ekki heimild til að afgreiða s.s. vegna tryggingar vegna húsaleigu. Nefndin afgreiddi 26 umsóknir um fjárhagsaðstoð, tryggingar vegna leigu, sálfræðiviðtala, niðurfellingu skulda, stuðnings við börn og undanþágu frá

tekjuviðmiðum vegna félagslegs leiguhúsnaðis frá 20 aðilum. Í 23 tilvikum var samþykkt að veita aðstoð (19 aðilar/fjölsk. fengu samþykka aðstoð), í þremur tilvikum var erindinu synjað.

Tíu einstaklingar/fjölskyldur fengu aðstoð til framfærslu, níu sem fjárhagsaðstoð og einn einstaklingur fékk lán til framfærslu. Framfærslan varði allt frá einum mánuði upp í 12 mánuði.

Alls fegnu því 29 aðilar/fjölskyldur fjárhagsaðstoð af einhverju tagi á árinu (42 árið 2016).

Ástæður framfærslu

	Karl	Karl. m/barn	kona	Kona m.barn	Barnlaus hjón	Hjón m. barn	
Atvl. m skertan eða án bótaréttar	4		2				6
sjúklingur	1						1
Ónógar tekjur				2			2
Lán v. millibilsástand	1						1
Aðstoð til náms							
Samtals	6		2	2			10

Af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð af einhverju tagi voru 19 búsettir í Borgarnesi, og 10 á minni þéttbýlisstöðum og í dreifbýli.

Barnavernd

Starfsmenn annast daglega umsýslu og vinna mál í umboði nefndarinnar samkvæmt reglum sem nefndin hefur sett þar að lútandi. Fyrir nefndina sjálfa eru einungis lögð alvarleg mál og mál þar sem ekki næst samvinna um úrbætur. Auk þess eru lögð fyrir nefndina mál vegna leyfisveitinga, s.s. leyfi til sumardvala, leyfi til að starfa sem stuðningsfjölskylda og umsagnarmál, s.s. umsagnir vegna umsókna um að gerast fósturforeldri eða umsóknir um ættleiðingar sem nefndin fjallar um lögum samkvæmt.

Vinna í barnaverndarmálum er afar tímafrek. Ákveðnar reglur gilda um könnun mála og síðan meðferð málsins, ef ákveðið er að taka málið til meðferðar að könnun lokinni. Reglur um málsmeðferð útheimta mikla skriffinnsku. Þannig þarf að gera skriflegar greinargerðir um könnun mála og skriflegar áætlanir um meðferð mála og vert er að undirstrika að oft er byrjað að beita úrræðum þó mál sé ennþá á könnunarstigi, t.d. undantekningarlaust ef vinda þarf bráðan bug að einhverskonar aðgerðum. Starfsmenn eru viðstaddir könnunarviðtöl og skýrslutökur í Barnahúsi, skýrslutökur hjá lögreglu og eru í samskiptum við ýmsar stofnanir vegna barna, s.s. vegna meðferðar- og vistunarúrræða, Stuðla og fósturheimili, og sitja fundi í skólum og leikskólum. Í mörgum tilvikum vinna tveir starfsmenn saman að máli og taka báðir þátt í viðtölum.

Samstarf við foreldra hefur oftast gengið vel þannig að foreldrar eru til samvinnu um að gera það sem þeir geta til að bæta umönnun og aðstöðu barna sinna og þiggja úrræði börnunum og fjölskyldunni til stuðnings.

Samtals bárust 119 tilkynningar til nefndarinnar á árinu 2018 (92 á árinu 2017) vegna samtals 79 barna (63 barna á árinu 2017), (Dalabyggð hér talin með sjö tilkynningar).

Helstu ástæður tilkynninga voru:

Vanræksla: 55

Ofbeldi: 28 (þar af kynferðislegt ofbeldi 7, heimilisofbeldi 10 og líkamlegt ofbeldi 7 tilkynningar)

Áhættu hegðun barns: 35 (þar af átta vegna neyslu barns á vímuefnum (sjö strákar og ein stelpa) og 12 þar sem barn stefnir eigin heilsu í hættu (sex stelar og sex strákar).

Tilkynnt var 71 sinni vegna stráka og 47 sinnum vegna stúlkna og einu sinni vegna ófædds barns. Nokkuð var um að margar tilkynningar bærust vegna sömu barna, þ.e. börnin voru 78 auk eins ófædds barns, samtals 79.

Könnun hófst í málum 55 barna á árinu (39 barna á árinu 2017), en 26 mál voru enn í vinnslu frá fyrra ári, ýmist í könnun eða aðgerðum. Í framhaldi af könnun nýrra mála voru gerðar áætlanir í málum 24 barna (21 árið 2017), auk þess sem gerðar voru nýjar áætlanir í málum 12 barna sem voru í vinnslu frá fyrra ári. Í mörgum málum voru gerðar fleiri en ein áætlun á árinu.

Barnaverndarafskipti voru þannig af 81 barni á árinu (66 börnum árið 2017).

Átta mál voru í Dalabyggð, en Borgarbyggðarmálin skiptust eftir búsetu: 33 í Borgarnesi, 34 í minna þéttbýli, 6 í dreifbýli. Einnig var unnið að málum fimm barna utan sveitarfélags í samvinnu við aðra barnaverndarnefnd en eru þau ekki skráð barnaverndarmál.

Mál 4 útlendra barna voru tekin til meðferðar.

Í lok árs voru mál 40 barna til vinnslu, ýmist í könnun eða vinnslu skv. úrbótaáætlun.

Sex mál vegna gruns um kynferðisbrot komu upp (sjö tilkynningar). Tvö börn fóru í könnunarviðtal hjá Barnahúsi. Eitt barn var í viðtölum hjá Barnahúsi frá fyrra ári. Þrjú börn voru neyðarvistuð í tímabundnu fóstri og eitt var vistað skv. úrskurði nefndar. Ein fjölskylda fékk MST meðferð frá Barnaverndarstofu. Í málum tíu barna var sett inn tilsjón á heimili. Á tveimur heimilum var óboðað eftirlit starfsmanna bv. nefndar. Flestir foreldrar barna sem voru til meðferðar fengu uppeldisráðgjöf.

Mál tveggja barna voru lögð fyrir nefndina, annað í tvígang og nefndin úrskurðarði í einu máli.

Barnaverndarnefnd afgreiddi 10 umsóknir um leyfi til að starfa sem stuðningsfjölskylda og gaf 3 umsagnir að beiðni Barnaverndarstofu vegna umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar.

Sérstök þjónusta við börn

13 börn úr 10 fjölskyldum fengu sérstaka þjónustu fyrir börn, þar af fengu 10 börn stuðningsfjölskyldu og 6 persónulegan ráðgjafa.

Þjónusta við aldraða og fólk með fötlun

Eitt þjónustunúmer

Í samræmi við stefnumótun í þjónustu við aldraða var á árinu áfram unnið að samþættingu þjónustu við aldraða og fatlaða. Forstöðumaður búsetuþjónustu sinnir mati á þörf fyrir þjónustu inn á heimili fyrir bæði aldraða og fatlaða, en verkstjóri heimaþjónustu sinnir daglegri verkstjórn.

Félagsleg heimaþjónusta (Heimilishjálp)

Heimilishjálp er veitt öldruðum, öryrkjum/fötluðum og vegna erfiðra heimilisaðstæðna, veikinda eða þess háttar.

Við heimilishjálp störfuðu í árslok 12 einstaklingar í samtals rúmlega 5 stöðugildum.

Verkstjóri í heimaþjónustu annast daglega skipulagningu.

Samtals nutu 128 heimili heimilishjálpar á árinu.

Ellilífeyrisþegar standa fyrir samtals 101 heimilum, þar af 27 í dreifbýli. Fatlaðir standa fyrir 14 heimilum, aðrir öryrkjar 13 heimilum,- samtals 27 heimilum þar af 8 í dreifbýli.

Sérstök þjónusta við fatlaða

Félagsleg liðveisla

Sérstök þjónusta við fatlaða er fyrst og fremst félagsleg liðveisla, en 31 einstaklingar nutu liðveislu eða stuðningsaðila á árinu. Fullorðnir voru 23 talsins (3 úr Dalabyggð). Börn voru 8 (2 úr Dalabyggð).

Í III kafla er gerð grein fyrir þeirri þjónustu við fatlaða sem sveitarfélögin tóku yfir um áramótin 2010/2011.

Ferðaþjónusta fatlaðra og eldri borgara

Síðast á árinu 2007 byrjaði skipulögð ferðaþjónusta fyrir fatlaða og eldri borgara, með hjólastólabíl og bílstjóra.

Um þjónustuna gilda reglur settar af sveitarfélaginu.


Ferðaþjónustan annast einnig akstur fyrir Brákarhlíð og sér um allan akstur í og úr dagdvöl aldraðra jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Þá sér ferðaþjónustan um akstur á matarbökkum á móti Búsetuþjónustunni og einnig um póstferðir vegna ráðhússins 3x í viku.

Að staðaldri nýta u.þ.b.30 manns ferðaþjónustuna.

Nú er svo komið að einn bílstjóri og einn bíll anna ekki fullkomlega þörfinni og hefur búsetuþjónustan létt undir með því að sjá um akstur úr Öldunni – vinnustað fatlaðra alla daga vikunnar yfir vetrartímann.

Á árinu 2018 voru farnar 4498 ferðir og eknir voru 46.158km. sú breyting hefur orðið að nú eru fleiri og lengri ferðir í sveitina en hafa verið undanfarin ár.

Í lok september var tekinn í notkun nýr bíll hjá ferðaþjónustunni og er hann mun betur útbúinn en sá sem fyrir var. Má þar helst nefna að nýi bíllinn er fjórhjóladrifinn, fleiri sæti eru í honum og betra aðgengi er inn í hann. Þá eru sætin þannig útbúinn að auðvelt er að taka þau úr ef þarf að koma fleiri hjólastólum inn í hann en eins og hann er útbúinn núna þá eru sæti fyrir 6 manns og pláss fyrir 2 hjólastóla.



Heimsending á mat

Ellilífeyrisþegum og öryrkjum í Borgarnesi er boðið upp á að fá heimsendan mat í hádeginu. Maturinn er keyptur frá Brákarhlíð og niðurgreiddur af sveitarfélaginu. Í undantekningartilvikum er sendur matur heim utan Borgarness og fengu þrír aðilar búsettir á utan Borgarness heimsendan mat á árinu.

Þjónustan er veitt alla daga ársins. Heimsendingin er notendum að kostnaðarlausu.

Flestir nýta þjónustuna um helgar, en virka daga eru eitthvað færri, m.a. vegna þess að margir nýta sér máltíðir í félagsstarfinu virka daga. (Sjá um sameiginlegar máltíðir í félagsstarfi hér fyrir neðan.) Virka daga eru keyrðir út ca 25 bakkar en um helgar allt upp í 35.

Félagsstarf aldraðra og öryrkja

Félagsstarf aldraðra og öryrkja Borgarbraut 65a er opið allt árið frá hádegi til kl. 16. Yfir veturinn er boðið upp á leiðbeiningar við handverk af ýmsu tagi auk samveru og spilamennsku. Þá er boðið upp á Yogatíma 1x í viku. Yfir sumartímann eru ekki leiðbeinendur heldur meira stílað upp á samveru.

Forstöðumaður félagsstarfs aldraðra heldur utan um félagsstarfið og fær til liðs við sig leiðbeinendur nokkra eftirmiðdaga í viku. Vakt í íbúðum eldri borgara sér um veitingar í félagsstarfinu og heldur utan um starfið ásamt félagsmálastjóra. Notendur hafa valið 3ja manna hóp til að taka þátt í skipulagningu starfsins og er fundað með þeim til að fara yfir óskir og áherslur.

Fastagestir eru um 75, en fleiri nýta sér þjónustuna óreglulega.

Boðið er upp á sameiginlegan málsverð í húsnæði félagsstarfsins í hádeginu (matur frá Brákarhlíð) alla virka daga. Í borðhaldinu taka þátt að meðaltali ríflega 20 manns í hvert sinn, bæði íbúar úr þjónustuíbúðunum og fólk utan úr bæ.

Reynt er að koma til móts við þarfir eldri borgara í uppsveitunum, m.a. með námskeiðum í samvinnu við félag eldri borgara á svæðinu, en það stendur fyrir vikulegum samverustundum með dagskrá í félagsheimilinu Brún.

Sérstök þjónusta við aldraða


Færni- og heilsumat

Við gerð færni- og heilsumats, sem er skilyrði fyrir vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimilum, er leitað umsagnar hjá félagsþjónustunni.

II Önnur verkefni

Félagslegt leiguhúsnæði


Sveitarfélagið átti í árslok 22 félagslegar leiguíbúðir og leigði auk þess 3 íbúðir til framleigu til einstaklinga. 3 íbúðir eru í dreifbýli, en 22 í Borgarnesi. 8 íbúðir eru þjónustuíbúðir sérstaklega ætlaðar eldri borgurum eða öryrkjum,- þær eru allar staðsettar í Borgarnesi. Eftirfarandi mynd sýnir stöðu leigjenda í árslok 2018. Ein íbúð var ekki í útleigu um áramót.



Stuðningur í húsnæðismálum

Stuðningur í húsnæðismálum skiptist í sérstakar húsaleigubætur, aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu og stuðnings við foreldra 15-17 ára barna sem leigja vegna skólagöngu.

Sérstakar húsaleigubætur eru hugsaðar sem viðbót við húsaleigubætur fyrir einstaklinga/fjölskyldur með lágur tekjur og litlar sem engar eignir. Skilyrði er að fólk búi við félagslega erfiðleika og tekjur og eignir séu undir ákveðnum viðmiðunarpþæðum. Alls nutu 65 heimili sérstaks húsnæðisstuðnings, 37 nutu sérstakra húsaleigubóta, 24 stuðnings vegna barna og fjórir fengu aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu.



Forvarnarmál

Félagsráðgjafi er ásamt öðrum verkefnum forvarnarfulltrúi sveitarfélagsins. Í Borgarbyggð er starfandi forvarnarhópur með þátttöku fulltrúa ýmissa stofnana; s.s. grunnskóla, menntaskóla, heilsugæslu, lögreglu, æskulýðsstarfs. Forvarnarfulltrúi heldur utan um starfsemi hópsins og sér um allar framkvæmdir; útgáfumál auglýsingar o.fl.

III Þjónusta við fólk með fötlun

Um áramótin 2010/2011 tóku sveitarfélögin yfir þjónustu við fatlaða,- eða þann hluta hennar sem áður var hjá Svæðisskrifstofum fatlaðra sem reknar voru af ríkinu.

Sveitarfélögin á Vesturlandi tóku í sameiningu yfir þessa þjónustu undir nafninu „Þjónustusvæði Vesturlands bs“ (byggðasamlag). Stjórn SSV er jafnframt stjórn þjónustusvæðisins. Skipulag og umsjón þjónustunnar er á höndum þjónusturáðs, en það skipa yfirmenn félagsþjónustu Akraness, Borgarbyggðar og Snæfellinga.

Þjónustan er veitt á þrem félagsþjónustusvæðum:

Akranes – þjónustar Akranes og Hvalfjarðarsveit.

Borgarbyggð - þjónustar Borgarbyggð, Skorradal og Dalabyggð.

Félags og skólaþjónusta Snæfellinga – þjónustar Snæfellsnesið allt.

Þjónustan felst í:

- Ráðgjöf, þjónustuteymi vegna einstaklinga, umsögn vegna umönnunarbóta, búsetuþjónustu, frekari liðveislu, stuðningsfjölskyldum, skammtí mavistun, vernduðum vinnustað, gerð örorkuvinnusamninga í samstarfi við Vinnuálastofnun, umsóknum um SIS mat og fl.

Árlegur samráðsfundur með þjónustuþegum í fötlunarmálum var haldinn 27. apríl, fimmta árið í röð.

Samþætting við þjónustu við aldraða

Stöðugt er unnið að samþættingu þjónustu við aldraða og þjónustu við fatlaða enda þjónustan mjög áþekkt, þ.e. stuðningur til að geta haldið heimili. Þannig annast búsetuþjónustan fyrir utan það sem að framan er talið heimsendingu matar alla daga ársins; vaktar neyðarhappa, lyftu og brunavarnarkerfi í þjónustuíbúðum aldraðra og

öryrkja kvöld, nætur og alla frídaga og annast innlit til aldraðra sem þurfa aðstoð utan venjulegs vinnutíma.

Ráðgjöf

Borgarbyggð tók um áramótin 2010/2011 í arf eftir svæðisskrifstofu mál 18 fullorðinna einstaklinga og 33 barna (þar af 6 í Dalabyggð).

Á árinu voru til meðferðar mál 28 barna (þar af 3 úr Dalabyggð) og mál 30 fullorðinna (þar af 4 úr Dalabyggð).

Talsverð vinna liggur í ráðgjöf bæði til einstaklinga með fötlun og eins til foreldra og annars umhverfis barna með fötlun, s.s. skóla, leikskóla, vinnustaða. Starfsmenn félagsþjónustu taka þátt í þjónustuteymum vegna barna með fötlun þegar þess er óskað.

Gefa þarf umsögn um flestar umsóknir til Tryggingastofnunar um umönnunarbætur vegna barna.

Búsetuþjónusta

Búsetuþjónusta er sú þjónusta sem fólk þarf til að geta haldið heimili. Þegar fólki með fötlun dugir ekki hefðbundin þjónusta sveitarfélaga: heimilisgjald og félagsleg liðveisla (oft kallað grunnþjónusta) er sett inn það sem skv. lögum um málefni fatlaðra kallast frekari liðveisla og þessir þjónustuþættir allir saman oft kallaðir búsetuþjónusta. Í búsetuþjónustunni starfa 15 starfsmenn í 10,14 stöðugildum.

Búsetuþjónustan er staðsett við Brákarbraut/Skúlagötu í leiguíbúð í eigu Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins. Þar eru einnig 9 íbúðir sem Brynja leigir út til fólks með fötlun eða öryrkja.

Búsetuþjónustan þjónustar þessa 9 einstaklinga en auk þess 8 einstaklinga árið 2018 sem halda heimili annarstaðar í Borgarnesi. Þjónustan er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins. Þjónustumagn á einstakling er mjög mismunandi allt frá 2-4 klst. á viku upp í aðstoð allt að 16 klst. á dag auk aðgangs að næturvakt.

Frekari liðveisla

19 einstaklingar (2 úr Dalabyggð) nutu frekari liðveislur. Þeir til að geta búið og stundað nám/vinnu fjarri heimahögum og 16 til að geta haldið heimili/búið heima, þar af 1 með NPA.

NPA- notendastýrð persónuleg aðstoð

Einn einstaklingur er með NPA samning þannig að hann fær greidda ákveðna upphæð, en ræður sjálfur aðstoðarmenn og greiðir þeim laun. Inni í þessum samningi er gert ráð fyrir frekari liðveislur ásamt hefðbundinni þjónustu sveitarfélaga; heimilishjálpi, félagslegri liðveislur og ferðaþjónustu.

Stuðningsfjölskyldur

Stuðningsfjölskyldur eru ætlaðar til að gefa fötluðum börnum tilbreytingu og léttu álagi af foreldrum. Oftast er um að ræða helgarvistanir frá 1- 4 helgar í mánuði allt eftir þörfum barnsins og fjölskyldunnar, en einnig er hægt að skipuleggja stuðninginn með dvöl hjá stuðningsfjölskyldu hluta úr degi með reglulegu millibili.

11 börn nutu stuðningsfjölskyldu, þar af 2 úr Dalabyggð.

Skammtímvistun

1 barn úr Dalabyggð naut skammtímvistunar.

Aldan – dósamóttaka/ vinnustofa

Borgarbyggð yfirtók rekstur Fjöliðjunnar um áramótin 2013/2014, en reksturinn var áður deild innan Fjöliðjunnar á Akranesi.

Starfsemin flutti í lok ársins 2015 í mikið stærra og betra húsnæði úti í Brákarey og var í leiðinni gefið nafnið ALDAN.

Aldan skiptist í tvær deildir: Dósamóttöku o.fl. verkefni, sem er verndaður vinnustaður og greidd laun (ákveðin % af almennum launum eftir getu einstaklingsins). Vinnustofu/hæfingu sem er hugsuð fyrir fólk með minni vinnugetu og þar eru ekki greidd laun.

Í dósamóttöku var leiðbeinandi í 100% starfi en í vinnustofu voru 3 leiðbeinendur í samtals 2 störfum, auk aðkomu þroskaþjálfra Búsetuþjónustunnar í veikindum forstöðumanns. Staða forstöðumanns var 50% en breyttist seint á árinu í 80% og er stefnt að því að minnka stöðu leiðbeinanda í dósunum í 50%.

Dósamóttökumegin voru 9 starfsmenn á árinu og vinnustofu megin voru 10 starfsmenn. Vinnutími er misjafn, fer eftir þörfum og getu hvers einstaklings. Nokkrir einstaklingar vinna bæði í dósamóttöku og vinnustofu/hæfingu.

Atvinnumál fólks með fötlun

Í framhaldi af sameiginlegri viljayfirlýsingu Sambands sveitarfélaga og ríkisins á síðasta ári er Vinnumálastofnun farin að sinna atvinnumálum fatlaðra af fullum þunga. Góð samvinna er við stofnunina og haldnir reglulegir samráðsfundir.

19. september 2019

Inga Vildís Bjarnadóttir